

ÁRSSKÝRSLA 2012



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Tilgangur.....	3
Hlutverk	3
Ársreikningur	3
Þróunar- og samstarfsverkefni	4
Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað	4
Skorkort	5
Land og saga kynnir FSR.....	5
Verkefni á árinu 2012	6
Forsætisráðuneyti.....	6
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	8
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	9
Innanríkisráðuneytið	10
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	12
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	17
Utanríkisráðuneytið	20
Velferðarráðuneytið	21
Alþingi.....	24
Formlegt samstarf	25
Atburðir	29
Rekstur og starfsfólk	31
Ársreikningur 2012	

Ársskýrsla 2012.

Útg.: Framkvæmdasýsla ríkisins. Október 2013.

Vinnsla forsíðu: Stafræna hugmyndasmiðjan ehf.

Ljósmyndir frá starfsmönnum FSR og aðilum verkefnanna.

Prentun: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Ábyrgðarmaður: Óskar Valdimarsson

Inngangur

Framkvæmdasýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda og heyrir undir fjármálaráðuneytið. Forstjóri FSR, sem skipaður er af fjármálaráðherra til fimm ára í senn, veitir stofnuninni forstöðu og sér um að marka stefnu hennar í samráði við ráðuneytið. Hann situr í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir ásamt ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og fulltrúa fjárlaganefndar Alþingis. Starfsemi Framkvæmdasýslunnar er fjármögnuð með sértekjum sem skráðar eru sem umsjónar- og eftirlitskostnaður á þau verkefni sem unnið er við hverju sinni.

Tilgangur

Tilgangurinn með rekstri Framkvæmdasýslu ríkisins er að byggja upp á einum stað innan ríkisgeirans sérþekkingu á verklegum framkvæmdum, því mikilvægt er að ríkið sem verkkaupi búi yfir slíkri þekkingu. Þá er einnig gert ráð fyrir að Framkvæmdasýslan sé í fararbroddi hvað varðar samræmingu gagna og þróun á sviði verklegra framkvæmda, ásamt því að sýna frumkvæði í notkun upplýsingatækni á sínu sviði.

Hlutverk

Hlutverk Framkvæmdasýslu ríkisins er að vera leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins.

Stjórnendur FSR leggja áherslu á að jafnræðis og faglegra vinnubragða sé gætt við framkvæmdir á vegum ríkisins og að við undirbúning verka sé tekið mið af stöðlum, viðmiðunum og leiðbeiningum ríkisins um framkvæmda- og eignamál.

Ársreikningur

Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun á bókhaldi Framkvæmdasýslunnar. Ekki fer fram formleg endurskoðun á hverju ári, en Fjársýsla ríkisins gefur hins vegar árlega út samandreginn ársreikning fyrir stofnunina. Þessi samandregni ársreikningur er hluti af ársskýrslu Framkvæmdasýslunnar fyrir árið 2012.

Þróunar- og samstarfsverkefni

Gæðastjórnunarkerfi FSR vottað

Framkvæmdasýsla ríkisins vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi sem byggir á alþjóðlega gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001.

FSR hefur allt frá árinu 2003 unnið í anda gæðastjórnunar og þegar árið 2004 var gerður samningur við Vottun hf. og stefnt á vottun gæðastjórnunarkerfis FSR.

Á árunum 2011 og 2012 var lögð mikil vinna í að bæta verklagsreglur, samhæfa vistun gagna og koma á verklagi í fullu samræmi við kröfur ISO 9001. Gæðastjórnunarkerfi FSR var tekið út af Vottun hf. í febrúar 2012 og eftirúttekt fór fram 30. apríl. Um mitt ár 2012 var fenginn ráðgjafi í málefnum gæðastjórnunar og gerðar voru skipulagsbreytingar innanhúss hjá FSR.

Bergljót S. Einarsdóttir, gæðastjóri FSR, og Halldóra Vífilisdóttir, aðstoðarforstjóri FSR, leiddu lokaátakið haustið 2012 ásamt Guðmundi S. Péturssyni, sérfræðingi í uppbyggingu stjórnunarkerfa. Allt starfsfólk lagði sig fram við að samhæfa verklag og hlaut gæðastjórnunarkerfi FSR vottun í lok október 2012.

Vottorðið staðfestir að Framkvæmdasýsla ríkisins starfræki gæðastjórnunarkerfi sem samræmist kröfum staðalsins ÍST EN ISO 9001:2008. Tekur vottorðið til „stjórnunar verklegra framkvæmda af hálfu ríkisins og ráðgjafar til ráðuneyta og ríkisstofnana um byggingartæknileg málefni og undirbúning framkvæmda“. Er það undirritað af vottunaraðilanum, Vottun hf., og dagsett 30. október 2012.

Við gæðastjórnun FSR er notuð svonefnd Rekstrarhandbók FSR sem er aðgengileg starfsmönnum á Innri vef FSR. Í henni eru öll skjöl sem starfsmönnum stofnunarinnar ber að vinna eftir við sín daglegu störf, það eru almennar handbækur, samningar, stefnuskjöl, skipulagsskjöl, verklagsreglur, leiðbeiningar og staðalform.



Vottorð um gæðakerfi FSR.

Lýkilinn að verklagi einstakra þátta starfsemi FSR er að finna í verklagsreglunum, þar sem tilgreint er markmið, umfang, verksvið, lýsing svo og tilvísanir í meðfylgjandi leiðbeiningar og stöðluð form. Ennfremur er í verklagsreglu tilgreindur útgáfuferill skjals og vistunarstaður skráa og annarra gagna.

Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun	Stofnun
1.1.1	1.1.2	1.1.3	1.1.4	1.1.5	1.1.6	1.1.7	1.1.8	1.1.9	1.1.10
1.2.1	1.2.2	1.2.3	1.2.4	1.2.5	1.2.6	1.2.7	1.2.8	1.2.9	1.2.10
1.3.1	1.3.2	1.3.3	1.3.4	1.3.5	1.3.6	1.3.7	1.3.8	1.3.9	1.3.10
1.4.1	1.4.2	1.4.3	1.4.4	1.4.5	1.4.6	1.4.7	1.4.8	1.4.9	1.4.10
1.5.1	1.5.2	1.5.3	1.5.4	1.5.5	1.5.6	1.5.7	1.5.8	1.5.9	1.5.10
1.6.1	1.6.2	1.6.3	1.6.4	1.6.5	1.6.6	1.6.7	1.6.8	1.6.9	1.6.10
1.7.1	1.7.2	1.7.3	1.7.4	1.7.5	1.7.6	1.7.7	1.7.8	1.7.9	1.7.10
1.8.1	1.8.2	1.8.3	1.8.4	1.8.5	1.8.6	1.8.7	1.8.8	1.8.9	1.8.10
1.9.1	1.9.2	1.9.3	1.9.4	1.9.5	1.9.6	1.9.7	1.9.8	1.9.9	1.9.10
1.10.1	1.10.2	1.10.3	1.10.4	1.10.5	1.10.6	1.10.7	1.10.8	1.10.9	1.10.10

Rekstrarhandbók (Gæðakerfi) FSR, skjámynd.

Rekstrarhandbókinni er skipt upp í Rekstur annars vegar og Framkvæmdir hins vegar. Rekstri tilheyra þættirnir Þjónusta, Fjármál, Innra starf, Mannauður og Frumkvæði. Framkvæmdum tilheyra þættirnir Frumathugun, Áætlunargerð, Verklegr framkvæmd og Skilamat í samræmi við reglugerð um skipulag opinberra framkvæmda nr. 715/2001. Verklagsreglur um starfsemi FSR eru 18 talsins.

Í lokaáfangu vinnu við gæðastjórnunarkerfið voru skjöl lagfærð til samræmis við kröfur ISO 9001 og markvisst unnið með starfsfólki FSR við að samhæfa og bæta verklag. Komið var á skipulögðum innri úttektum, innleitt var ábendingakerfi og fleira. Áfram verður unnið að því að viðhalda kerfinu, þróa það og einfalda meðal annars með úttektum og áframhaldandi innra starfi með starfsfólki FSR. Lögð er áhersla á að nýta kosti þess, stofnuninni, birgjum og viðskiptavinum til framdráttar.

Skorkort

Til stuðnings í gæðamálum hefur FSR einnig notað svonefnt Skorkort. Skorkort FSR er byggt upp samkvæmt aðferðafræði samhæfðs árangursmats. Helstu áhersluatriði stofnunarinnar eru skilgreind undir svonefndum "víddum", það er Þjónusta, Fjármál FSR, Innra starf, Starfsmenn og Framkvæði. Innan hverrar víddar eru sett fram yfirmarkmið, markmið og mælikvarðar.

Mælingar eru gerðar reglulega samkvæmt mælikvörðunum og niðurstaða birt í árlegri árangurskýrslu FSR. Í upphafi hvers árs er skorkort endurskoðað í samvinnu við faghópa FSR og gefin út ársáætlun.

Skorkort			
	2010	2011	2012 nýv.
VÍDDIR	A Þjónusta	A Þjónusta	A Þjónusta A.1: Væða viðskiptavinum öðru þjónustu A.2: Væðalda faglegum vinnubrögðum
	B Fjármál	B Fjármál	B Fjármál B.1: Væðhalda matgjöpa stjórnun, fjármála B.2: Væðhalda fjármálum innan ríkisins áætlaða
	C Innra starf	C Innra starf	C Innra starf C.1: Hafa vel skilgreinda og skilfesta verkefni C.2: Hafa markvisna og áreiðanlega upplýsingamiðlun
	D Starfsmenn	D Starfsmenn	D Starfsmenn D.1: Hafa hætt starfsfólk hjá FSR D.2: Væðhalda aðri og öflugri starfskikkju
	E Framkvæði	E Framkvæði	E Framkvæði E.1: Stuðla að viðskiptum undirþjónu framkvæmda E.2: Stuðla að þriðjum aðhæfingum verkefnaáætlaða E.3: Stuðla að gætt og viðgáfu viðmiðana E.4: Stuðla að gætt og viðgáfu viðmiðana

Skjamynd skorkorts, dæmi.

Land og saga kynnir FSR

Land og saga hefur um árabil gefið út blöð er lúta að skipulagi, hönnun og byggingarframkvæmdum. Einnig hefur verið fjallað um ferðabjónustu í blaðinu.

Fjallað var um Framkvæmdasýslu ríkisins í blaðinu Land og saga 2. tbl. 2012, *Til vitundar um vistvæna hönnun og framkvæmd - Framkvæmdasýsla ríkisins.*

Þar er ítarlegt viðtal við Óskar Valdimarsson forstjóra Framkvæmdasýslunnar og Halldóru Vífilsdóttur aðstoðarforstjóra. Í greininni er meðal annars fjallað um hlutverk FSR, nýjungar og ýmis verkefni sem þar er unnið við.



Halldóra og Óskar í viðtali við Land og sögu.

Hjá FSR er lögð áhersla á að innleiða nýjungar til að bæta gæði. Þessi misserin er það einkum tvennt sem lögð er áhersla á. Annars vegar innleiðing á BIM upplýsingalíkön mannvirkja (Building Information Model), sem er til þess fallin að bæta undirbúning svo fækka megi mistökum í hönnun og framkvæmd. Hins vegar hefur FSR hefur verið í fararbroddi í því að innleiða vistvænar vinnuaðferðir í byggingariðnaði. Það er í anda menningarstefnu í mannvirkjagerð, stefnu íslenskra stjórnvalda í byggingarlist. Nýjasta átakið í þessum efnum er samstarf FSR í samnorræna Nordic Built verkefnum.

Í viðtalinu við Land og sögu er einnig fjallað um helstu framkvæmdir sem FSR hefur umsjón með, bæði ríkisbyggingar og þau sem unnin eru í samstarfi ríkisins við sveitarfélög, svo sem vegna framkvæmda við snjóflóðavarnir. Einnig annast FSR ráðgjöf við öflun leiguhúsnæðis fyrir ríkisstofnanir. Á döfinni er tilsjón með hjúkrunarheimilum sem eru í svokallaðri leiguleið hjá ríkinu, það eru stór verkefni í samstarfi við sveitarfélög á hverjum stað. Síðast en ekki síst er FSR með ýmis smáverkefni tengd ferðabjónustu en á fyrra ári gaf FSR út leiðbeiningarit um uppbyggingu ferðamannastaða í samvinnu við Ferðamálastofu og Hönnunarmiðstöð Íslands. Framkvæmdasýslan leitast þannig við með ýmsum hætti að efla framþróun okkar manngerða umhverfis.

Verkefni á árinu 2012

Hér verða rakin helstu verkefni á vegum FSR fyrir hvert ráðuneyti sem voru í framkvæmd á árinu og eftir atvikum nefnd verkefni í undirbúningi.

Á árinu 2012 tóku til starfa þrjú ráðuneyti með nýju heiti eftir tilflutning verkefna. Það var fjármála- og efnahagsráðuneytið, sem var breytt 1. september 2012, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sem þá tók einnig til starfa, og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sem tók til starfa 4. september 2012. Í eftirfarandi kaflaskipan er miðað við ráðuneytin eins og þau voru eftir breytingarnar.

Forsætisráðuneytið
 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
 Fjármála- og efnahagsráðuneytið
 Innanríkisráðuneytið
 Mennta- og menningarmálaráðuneytið
 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
 Utanríkisráðuneytið
 Velferðarráðuneytið

Forsætisráðuneyti

Sameining ráðuneyta 2012

Húsnæðismál Stjórnarráðsins tóku talsverðum breytingum á árinu 2011 og á árinu 2012 var einnig unnið að þeim. Í mars 2012 hófst hjá FSR athugunin „Sameining ráðuneyta 2012“ sem náði til húsnæðismála vegna fyrrnefndra breytinga á ráðuneytum og eftir ákvarðanir um þau var haldið áfram með verkefni vegna einstakra ráðuneyta sem fjallað er um hér á eftir.

Sameining ráðuneyta, Arnarhvoll 3. hæð


Á árinu 2012 vann FSR einnig að ráðgjöf og verkefnastjórn vegna fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem ákveðið var að yrði eftir sameininguna staðsett í Arnarhvoli. Unnar voru breytingar á 3. hæð á innréttingum, einkum gerðar viðgerðir á gólfefnum og málað. Aflað var að auki húsgagna. Aðeins voru gerðar nauðsynlegustu lagfæringar því fyrirhugað er að síðar verði gerðar gagngerar endurbætur. Verkinu lauk fyrir haustið 2012.

Sameining ráðuneyta, Skúlagata 4

Vegna sameiningar ráðuneyta á árinu 2012 vann FSR að ráðgjöf og verkefnastjórn vegna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem ákveðið var að staðsett yrði í húsinu að Skúlagötu 4. Gerðar voru breytingar á 2. hæð á innréttingum og aflað húsgagna. Lauk verkinu að mestu haustið 2012.

Sameining ráðuneyta, Skuggasund 3

FSR hafði umsjón með verkefninu Skuggasund 3, breytingar og endurbætur. Kannað var hvort koma mætti starfsemi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fyrir í húsinu. Niðurstaðan var að nota áfram húsið að Skuggasundi 1 með tengingu í framtíðinni yfir í Skuggasund 3 og það hús verði notað að hluta. Í árslok var lokið undirbúningi þeirra framkvæmda sem vinna á í þessum áfanga en stefnt er að því að því að gera breytingar og endurbætur á eldhúsi á 4. hæð og að koma upp aðstöðu fyrir skjalasafn á 3. hæð, áður en ráðuneytið tekur húsnæðið í notkun.



Skúlagata 4, innréttingar 2. hæð, drög.


Þingvellir, Almagnagjá, göngubrú um Kárastaðastíg

Gera þurfti ráðstafanir eftir að glufa opnaðist á gönguleið um Kárastaðastíg í Almagnagjá vorið 2011 og leitaði Þingvallanefnd til FSR um ráðgjöf og verkefnisstjórn. Unnin var frumathugun, sem lögð var fram í mars 2012, og kemur þar fram að vilji Þingvallanefndar var að ekki yrði mokað í sprunguna en hugað yrði að því að göngufólk gæti virt fyrir sér gjótuna sem opnaðist.



Hola í Kárastaðastíg.

Forathugun leiddi í ljós að það þurfti að „brúa“ alllangan kafla. Þingvallanefnd ákvað að leita lausna með samkeppni um hönnun gönguleiðar um Kárastaðastíg á Þingvöllum í janúar 2012. Fyrstu verðlaun í samkeppninni hlaut tillaga Studio Granda ásamt Eflu verkfræðistofu sem önnuðust verkhönnunina. Lausnin er látlaus göngubrú sem tekur við af sveigðum norðurenda útsýnispalls á Hakinu og lagar sig að sprungunni og veitir sýn niður í hana.



Göngubrú um Kárastaðastíg.



Frumteikning Studio Granda af brúnni.

Framkvæmdir við göngubrúna voru unnar af SS Verktaka ehf. (Sveinbjörn Sigurðsson ehf.), umsjón og eftirlit hafði FSR. Brúargólfíð var klætt íslensku timbri, sitkagreni úr Skorradal. Notað er sterkt net til að tryggja öryggi ferðafólks. Unnið var að framkvæmdum frá í maí og lauk þeim í ágúst 2012.

Umboðsmaður barna, leiguhúsnæði

Auglýst var eftir leiguhúsnæði fyrir Umboðsmann barna í ágúst 2012. Gerður var samningur við Reiti IV um leiguhúsnæði í Kringlunni 4 – 12 og tók Umboðsmaður barna við húsnæðinu í desember.

Skilamat

- Húsnæði Stjórnarráðsins, breytingar við sameiningu ráðuneyta 2010-2011. Skilamat útgefið í mars 2012.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Verkefni vegna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og stofnana þess, þar sem eru málefni sjávarútvegs, landbúnaðar, viðskipta og iðnaðar, voru eftirfarandi.

Hafrannsóknastofnun Grindavík, nýbyggingar

FSR hóf í september 2012 frumathugun vegna nýbyggingar fyrir Hafrannsóknastofnunina. Um er að ræða aukna aðstöðu stofnunarinnar á Stað í Grindavík með viðbyggingu. Aðaltekningar lágu fyrir í árslok. Stefnt er að verkhönnun og útboði framkvæmda árið 2013.

Sjávarútvegshúsið, Skúlagata 4, endurbætur 1. hæð og þak

Í Sjávarútvegshúsinu, Skúlagötu 4, urðu breytingar sem áður er fjallað um með tilkomu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Hafrannsóknarstofnun lét gera athugun á möguleikum á endurbótum og breytingum á 1. hæð hússins.

Verkkaupi var Sjávarútvegshúsið ohf. og að verkefninu komu fulltrúar þess, Hafrannsóknarstofnunar og fulltrúar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Aðalhönnuður var Arkís ehf. Verktaki var Hamarsfell ehf.

Um var að ræða endurbætur á 1. hæð í vesturhluta hússins og á þaki lágbyggingar. Innréttaður var fyrirlestrarsalur, upplýsingasetur, matsalur og önnur aðstaða. Fyrirlestrarsalurinn mun nýfast Hafrannsóknarstofnun fyrir ráðstefnur og kennslu, meðal annars fyrir Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Matsalurinn getur opnast og myndað eitt rými með anddyrinu og upplýsingasetrinu sem er með margmiðlunarskjá og bókasafni. Í nýju fundaherbergi er fjarfundaaðstaða.

Framkvæmdirnar voru boðnar út í mars og lauk þeim í október (verklokaúttekt FSR). Voru salirnir teknir í notkun 30. nóvember 2012.



Sjávarútvegshúsið, Skúlagata 4, fyrirlestrarsalur.

Skilamöt

- Matís ohf., leiguhúsnæði. Skilagrein útgefin í maí 2012.
- Hagstofa Íslands, leiguhúsnæði. Skilagrein útgefin í september 2012.



Sjávarútvegshúsið, Skúlagata 4, matsalur á 1. hæð.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Helstu verkefni á árinu 2012 vegna fjármála- og efnahagsráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi.

Arnarhvoll, endurnýjun húsnæðis

Arnarhvoll við Lindargötu var byggður í tveimur áföngum 1931 og 1946 og hefur síðan þá hýst ríkisstofnanir og ráðuneyti. Viðhaldi hefur verið haldið í lágmarki í gegnum árin og nú er komið að allsherjar endurnýjun á húsinu bæði innan- og utanhúss. Húsnæðið stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru til skrifstofuhúsnæðis í dag og ytra byrði er í slæmu ástandi. FSR vann að frumathugun fyrir verkefnið í lok árs 2012.

Hafnarstræti 107, Akureyri, endurbætur

Fyrir Fasteignir ríkissjóðs hafði FSR umsjón með verklegri framkvæmd vegna endurbóta á Hafnarstræti 7, Akureyri. Um er að ræða endurbætur húsnæðis fyrir Þjóðskrá, Sýslumanninn á Akureyri og Héraðsdóm Norðurlands, á fyrstu, annari og þriðju hæð ásamt kjallara, á alls um 1.500 fermetrum. Aðalhönnuður er AVH ehf. á Akureyri. Verkið var auglýst og tilboð opnuð í janúar og var tilboði Tréverks ehf. tekið. Verktakinn hóf framkvæmdir í febrúar og var verkið komið vel á veg í árslok.

Tollhúsið, Tryggvagötu 19, breytingar

FSR hóf fyrir Fasteignir ríkissjóðs í nóvember ráðgjöf og umsjón á stigi áætlunargerðar vegna breytinga á Tollhúsinu við Tryggvagötu 19. Í húsinu er Tollstjóri og Kolaportið hefur verið á jarðhæð. Áður höfðu Fasteignirnar unnið að undirbúningi þar sem stefnt hefur verið að breytingum til að auka nýtingu hússins. Sótt var um leyfi Reyjavíkurborgar til að byggja skábraut fyrir bíla upp á þakhæð og koma þar fyrir bílastæðum. Í framhaldi af því setti Reyjavíkurborg fram hugmyndir um skipulag og þátttöku í kostnaði sem eru í athugun en FSR mun vinna áfram fyrir FR að verkefninu sem nú er í biðstöðu.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, húsnæðismál

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) leitaði til FSR vegna húsnæðismála og óskaði eftir að kanna nánar tiltekna valkosti. Niðurstaða hagkvæmniathugunar var að kaupa og endurbæta Engjateig 11. FSR var falin umsjón verkefnisins og eftirlit með verklegri framkvæmd. Aðalhönnuður innréttinganna var Go-Form ehf. Verkið var boðið út sem örútbod (lokað útbod) innan rammisamnings Ríkiskaupa og voru tilboð opnuð í apríl. Samið var við Þarfaþing hf. Verktakinn hóf framkvæmdir í apríl-maí og lauk framkvæmdum í september (verklokaúttekt FSR) og unnið var síðar að því að ljúka smærri verkþáttum.



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Engjateig.

Hólar í Hjaltadal, ráðgjöf

Hafin var ráðgjöf til fjármálaráðuneytisins vegna fyrirhugaðrar yfirfærslu eigna að Hólum í Hjaltadal til sveitafélags. Tekin voru saman gögn um eignirnar. Þörf er á úrbótum á fráveitukerfi vegna nemendagarða, íbúðabyggðar og stofnana.

Ástandsskýrslu var skilað til fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem tekur ákvörðun um framhald málsins.

Leiguverkefni

Leiguverkefnum fyrir önnur ráðuneyti og stofnanir þeirra er lýst í köflum viðkomandi ráðuneyta en þau vinnur FSR í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Skilamöt

Útgefin skilagrein á árinu 2012 vegna stofnana fjármála- og efnahagsráðuneytis var eftirfarandi:

- Fjármálaeftirlitið, leiguhúsnæði. Skilagrein útgefin í janúar 2012.

Innanríkisráðuneytið

Fyrir innanríkisráðuneytið og stofnanir þess var einkum unnið að eftirfarandi verk-efnum.

Fangelsi á Hólmsheiði

Að lokinni frumathugun var í ársbyrjun 2012 auglýst opin hönnunarsamkeppni um byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði í Reykjavík. Framkvæmdasýsla ríkisins var umsjónaraðili samkeppninnar fyrir hönd verkkaupa, innanríkisráðuneytisins. Tengiliður verkaupa er Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Fangelsið verður gæsluvarðhalds- og mót-tökufangelsi með deild fyrir kvenfanga, aðstöðu fyrir afplánun skemmri fangelsis-refsinga og vararefsinga. Byggingin verður með 56 fangarýmum og um það bil 3.700 m² að stærð.

Niðurstöður hönnunarsamkeppninnar voru kynntar 5. júní 2012. Fyrstu verðlaun hlaut tillagan frá arkitektastofunni Arkís arkitektum ehf., höfundar Björn Guðbrandsson og Arnar Þór Jónsson arkitektar.

Vinningstillagan gerir ráð fyrir að byggingin verði að mestu leyti einangruð að utan og klædd viðhaldslítilli klæðningu, Corten-stáli. Stjórnunarálma, innigarðar og afmarkaðir veggfletir við útivistarsvæði fá sjónsteypuyfirborð og þakfletir verði lagðir gróðurþekju. Miðað er við að einangrunarklefar njóti birtu en ekki útsýnis, við aðra klefa megi skerma af útsýni með búnaði.

Samið var við hönnunarteymi vinnings-tillögu samkeppninnar um hönnunina. Hönnunarstjóri og aðalhönnuður er Björn Guðbrandsson. Verkfræðihönnun skiptist milli Mannvits, Verkís og VSI verkfræðistofu. Mannvit annast burðarþol, lagna- og hljóðhönnun, Verkís annast rafmagnshönnun, lýsingarhönnun, öryggishönnun og VSI brunahönnun.

Byggingin verður hönnuð í samræmi við þá stefnu Fangelsismálastofnunar að föngum verði tryggð örugg og vel skipulögð afplánun, að mannleg og virðingarverð samskipti verði höfð í fyrirrúmi og að fyrir hendi verði aðstæður og umhverfi sem hvetur fanga til að takast á við vandamál sín. Byggingin verður vistvæn og mun fara í gegnum alþjóðlegt vottunarferli fyrir umhverfisvæna hönnun og framkvæmd (BREEAM). Menningarstefna í mannvirkjagerð hefur verið höfð að leiðarljósi. Við hönnun fangelsins verður viðhöfð BIM aðferðafræðin. Unnið verður með vistferilskostnað, orkunotkunargreiningu og viðhaft gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO staðli.

Í samræmi við áætlun voru aðaluppdrættir lagðir fram haustið 2012 og í framhaldi af því unnið að útboðsgögnum vegna jarðvinnu. Stefnt er að því að bjóða framkvæmdir út á fyrri hluta ársins 2013.



Fangelsi á Hólmsheiði, vinningstillaga Arkís arkitekta

Kvennafangelsi í Kópavogi, breytingar

Í apríl var hafin vinna FSR fyrir Fangelsismálastofnun við umsjón með áætlunargerð vegna verkefnisins Kvennafangelsi 2012. Um var að ræða ýmsar breytingar vegna öryggismála og fleira, þar sem aðeins var þörf á minniháttar framkvæmdum. Gerð var verðkönnun í ágúst og lauk verkinu á árinu. Verktaki var Sérverk ehf.

Endurbætur á raflögnum í byggingum á Keflavíkurflugvelli

Fyrir Landhelgisgæsluna hefur FSR annast umsjón og eftirlit við endurbætur á raflögnum í byggingum á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdirnar hafa verið boðnar út í áföngum. Lokaúttektir vegna 1. og 2. áfanga fóru fram í febrúar 2012, lokaúttekt 3. áfanga í mars. Á árinu 2012 voru boðnar út 4. og 5. áfangi og lauk 4. áfanga í júní og 5. áfanga í október 2012.



Bygging 130 á Keflavíkurflugvelli.

Einnig er lokið undirbúningi 6. áfanga en sá áfangi er talsvert stærri en fyrrnefndir áfangar. Hönnun áfangans önnuðust Rafmiðstöðin sf., Lagnatækni ehf., Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf. (VJI) og VSB Verkfræðistofa ehf. Um er að ræða endurbætur raflagna og lagna- og loftræsikerfa í byggingu númer 130 innan öryggissvæðisins til að uppfylla gildandi staðla í stað bandarískra staðla. Í útboðum 1. til 4. áfanga var ÍAV þjónusta ehf. með hagstæðustu tilboðin og vann að framkvæmdum þeirra og Rafvík verktakar ehf. 5. áfanga. Stefnt er að forvali vegna 6. áfanga í janúar 2013.

Embætti sérstaks saksóknara, viðbótarhúsnæði

Verkefnið Sérstakur saksóknari, viðbótarleiguhúsnæði, var unnið að beiðni fjármála- og efnahagsráðuneytisins og barst FSR í febrúar 2012. Verkefnið fólst í að útvega embættinu viðbótarhúsnæði vegna aukinna verkefna. Skrið var undir leigusamning við Reginn A2 ehf. um leigu á um 600 fermetra húsnæði við Skúlagötu 19.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustöð 4

Vegna Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu var unnið að ráðgjöf vegna leiguhúsnæðis fyrir Lögreglustöð 4. Unnin var húslýsing og í júní 2012 var auglýst eftir um 700 fermetra leiguhúsnæði, fullbúnu til notkunar en án lauss búnaðar, þar sem miðað var við leigutíma til 15 – 25 ára. Um er að ræða hverfisstöð fyrir svæðið austan og norðan við Elliðaár, þar með talinn Mosfellsbær og nálæg sveitarfélög. Miðað var við staðsetningu sem næst Suðurlands- og Vesturlandsvegi. Tilboð í húsnæði við Vínlandsleið 2 – 4 var metið hagstæðast og er stefnt að því að það verði tekið í notkun á árinu 2013 að loknum framkvæmdum á vegum leigusala.

Skilamöt

Útgefin skilamöt og skilagreinar á árinu 2012 vegna innanríkisráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi:

- Lögreglustöð á Höfn í Hornafirði. Skilamat útgefið í janúar 2012.
- Fangelsismálastofnun ríkisins, leiguhúsnæði að Bitru í Flóahreppi. Skilagrein útgefin í maí 2012.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Helstu verkefni ársins 2012 fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og stofnanir þess voru eftirfarandi.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Lokið var við hönnun og hafnar framkvæmdir við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Verkkaupar eru mennta- og menningarmálaráðuneytið og Mosfellsbær. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Aðalhönnuðir eru a2f arkitektar (áður AF arkitektar ehf.).

Framkvæmdir við nýbygginguna voru auglýstar til útboðs í apríl. Tekið var tilboði Eyktar ehf. sem hóf framkvæmdir í júní. Byggingin stendur á lóð við Háholt í Mosfellsbæ. Að lokinni grafrarvinnu og gerð undirstaða og botnplatna var unnið við uppsteypu 1. og 2. hæðar. Unnið var að mótun lóðar og voru hljóðmanir gerðar við Vesturlandsveg. Áætlað er að verkinu ljúki í desember 2013.



Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ í uppsteypu.

Þjóðleikhúsið, viðbygging

Að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins vann FSR frumathugun vegna viðbyggingar við Þjóðleikhúsið. Aðkallandi þörf hefur verið á bættri aðstöðu sviðs- og tæknimanna svo og geymslu en flutningar leikmuna hafa verið óhagkvæmir. Niðurstaða frumathugunar er að hönnuð verði 138 m² viðbygging til austurs ofan á núverandi kjallara. Byggingin verði „bráðabirgðahús“, einföld að gerð innanhúss. Þar sem Þjóðleikhúsið er eitt merkasta hús á Íslandi verður ytri ásýnd viðbyggingarinnar vönduð. Stefnt er því að því að viðhafa alútbóð og að verkhönnun og framkvæmd ljúki á árinu 2013.

Háskólinn á Akureyri, 5. áfangi, skrifstofur og tengigangur

Unnin var fullnaðarhönnun og boðnar út framkvæmdir við 5. áfanga Háskólans á Akureyri. Verkkaupi er Háskólinn á Akureyri fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Umsjón með framkvæmdum hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Arkitekt er Gláma/Kím Arkitektar Laugavegi 164 ehf., Almenna verkfræðistofan hf. vann hönnun jarðvinnu, burðarpóls og lagna, Raftákn ehf. hannaði raflagnir. Verktaki er SS byggir ehf.

Á aðaltekningum kemur fram að 5. áfanginn er bygging O, sem mun hýsa skrifstofur, fundarherbergi, kaffieldhús, stiga og stoðrymi og bygging T tengigangur sem mun tengjast núverandi tengigangi á öllum hæðum. Nýbyggingarnar eru steinsteyptar, einangraðar að utan og klæddar múrkápu.


Framkvæmdir við áfangann voru boðnar út og voru tilboð opnuð 3. júlí 2012. Tekið var tilboði SS Byggis ehf. og hóf verktakinn framkvæmdir haustið 2012. Áfanginn er nýbygging um 750 fermetrar að stærð og þar verða skrifstofur auk tengigangs og smærri stoðryma. Framkvæmdin er hefðbundin verkframkvæmd, uppstept hús og fullnaðarfrágangur innanhúss sem utan og frágangur á lóð umhverfis nýbygginguna. Í árslok var uppsteypu hússins lokið. Verklök eru áætluð um miðjan ágúst 2013.



Háskólinn á Akureyri, 5. áfangi, í byggingu.

Þjóðskjalasafn, endurbætur húsa 4 og 5

Lokið var við endurbætur í húsi 4 og var það tekið að fullu í notkun. Einnig var unnið að undirbúningi vegna húss 5.




Þjóðskjalasafn, staðsetning húss 5.

Heimild til áætlunargerðar vegna endurbóta á geymsluhúsnæði Þjóðskjalasafns Íslands, húsi 5 (Laugavegur 164, bakhúsi) lá fyrir í desember 2011. Í upphafi 2012 tók við ástandsskoðun og undirbúningsvinna með verkkaupa. Upprunalegur hönnuður hússins var Gísli Halldórsson arkitekt og var leitað til stofunnar, sem nú heitir T.ark (Teiknistofan Arkitektar ehf.). Hönnun hófst í janúarbyrjun 2012 og er arkitekt og aðalhönnuður endurbótanna T.ark, hönnun loftræsingar og burðarþols annaðist Almenna verkfræðistofan hf. (nú Verkís hf.) og hönnun raflagna VJI (Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar ehf.)

Hús íslenskra fræða

Áfram var unnið að hönnun Húss íslenskra fræða en ekki kom til framkvæmda á árinu. Í febrúar lögðu hönnuðir fram útboðsgögn sem var þó ekki lokið. Unnið var áfram meðal annars að gögnum vegna umhverfsvottunar samkvæmt BREEAM.

Í desember var sótt um til byggingarfulltrúa að fá samþykktar teikningar með undanþágum frá nýrri byggingarreglugerð. Í verkáætlun var framkvæmdatími í heild áætlaður 3 ár. Miðað er við að jarðvinna verði boðin út sérstaklega með auglýsingu í janúar - febrúar 2013 og stefnt er að því að bjóða út bygginguna vorið 2013.




Hús íslenskra fræða, þrívíddarteikning.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla, lóðarframkvæmdir

Undirbúningi lauk vegna fyrirhugaðra lóðarframkvæmda við Fjölbrautaskólann í Ármúla (FÁ). Um er að ræða lóðarsvæði við byggingar sem framkvæmdar voru á árunum 2008 – 2011 utan lóðarfrágangs.

Verkkaupar eru mennta- og menningarmálamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg og Fasteignir ríkissjóðs. Framkvæmdasýsla ríkisins annast umsjón og eftirlit. Hönnun lóðarfrágangs annaðist Hermann Ólafsson landslagsarkitekt hjá Landhönnun sf.

Í umsögn FSR um áætlunargerð, sem gerð var í desember 2012, kemur fram að um er að ræða uppbyggingu nýrra bílastæða ásamt gróðursvæðum. Helstu verkliðir eru jarðvinna, landmótun, malbikun, hellulagning, lýsing, uppsetning götugagna ásamt frágangi gras- og gróðursvæða. Verkið verður boðið út snemma á árinu 2013.



FÁ, yfirlitstekning lóðarfrágangs.

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur

Unnið var að undirbúningi vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur (SVF) í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Verkkaupi er mennta- og menningarmálaráðuneytið. Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með verkefninu.

Frumathugun var unnin á vegum Byggingarnefndar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem skipuð var af háskólaráði. Byggingunni er ætlað að bæta aðstöðu til miðlunar þekkingar á erlendum tungumálum til almennings og barna á öllum aldri í anda þess brautryðjendastarfs sem Vigdís Finnbogadóttir hefur unnið hjá UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Í húsinu mun fara fram nýsköpun og rannsóknir, nám og kennsla á öllum námsstigum á þessu sviði. Ráðgert er að byggingin rísi á horni Suðurgötu og Brynjólfs götu.

Haldin var hönnunarsamkeppni og var tillögum skilað í mars 2012 og voru niðurstöður dómnefndar kynntar í maí 2012. Fyrstu verðlaun hlaut tillaga arkitektur.is, höfundar tillögunnar eru Gunnlaugur Magnússon, Haraldur Örn Jónsson, Hjalti Pærlíus, Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson. Í umsögn dómnefndar um verðlaunatillöguna segir meðal annars að „helstu kostir tillögunnar eru ágæt tengsl við umhverfið og góð innbyrðis tengsl í byggingunni. Innri rými hverfast um opið miðrymi sem tengir allar hæðir hússins og eru góð sjónræn tengsl milli hæða.“ Ennfremur segir að vel sé hugsað fyrir aðkomu þeirra sem eru gangandi og hjólandi og er tillagan ágætis grunnur að vistvænni byggingu.



SVF. Frá afhendingu samkeppnisverðlauna.



Vinningstillaga arkitektur.is í samkeppni um Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur (SVF)

Í ágúst 2012 var undirritaður samningur við vinningshafa samkeppninnar um hönnun á grundvelli vinningstillögunnar. Við verkefnið verða viðhafðar nýjungar héraðs, það er notkun BIM, upplýsingalíkans mannvirkja, og ferli samkvæmt BREEAM, vottunarkerfi um vistvænar byggingar. Aðalhönnuður og samræmingaraðili er arkitektur.is. Samstarfsaðilar í hönnunarteyminu eru auk arkitektur.is Verkís hf. er annast hönnun burðarþols, lagna og raflagna og lýsingarhönnun, einnig bruna-, öryggishönnun. Trivium ráðgjöf vinnur hljóðhönnun og Hornsteinar arkitektar annast BREEAM vottun.

Unnar voru aðaltekningar en gert er ráð fyrir að öllum tilskyldum gögnum fullnaðarhönnunar og vistrænnar vottunar verði skilað á fyrri hluta árs 2013 og að í framhaldi af því verði verkið boðið út. Um er að ræða byggingu sem er um 3.100 m² og bílageymslu sem er um 1.150 m².

Fjölbrautaskóli Suðurlands, stækkun verknámsaðstöðu

Í september var hafin undirbúningur hjá FSR vegna fyrirhugaðrar stækkunar verknámsdeildar Fjölbrautaskóla Suðurlands, Selfossi. Verkkaupi er mennta- og menningarmálaráðuneytið og Sveitarfélagið Árborg og Héraðsnefndir Árborgar, Rangæinga og Vestur-Skaftfellinga. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól FSR að gera frumathugun sem unnin var samkvæmt lögum um skipan opinberra framkvæmda. Þarfagreining vegna verknámsins miðast við 130 – 150 nemendur og húsnæðisáætlun vegna þessa er 2.880 m² sem er aukning um 1.650 m².

FSR vann að samkeppnislýsingu vegna stækkunar verknámsaðstöðunnar og verður hönnunarsamkeppnin auglýst í janúar 2013.

Menntaskólinn við Sund, viðbygging, samkeppni

Fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg annaðist FSR frumathugun og undirbúning hönnunarsamkeppni vegna viðbyggingar við Menntaskólann við Sund, Gnoðarvogi 43, Reykjavík. Þarfagreining og húsrýmisáætlun hafði verið unnin á árunum 2004 – 2006 og var frumathugunin nú endurskoðuð. Viðbyggingunni er ætlað að leysa úr húsnæðismálum skólans sem hefur búið við þrengsli um alllangt skeið. Stærð viðbyggingarinnar var áætluð um 2.700 fermetrar.



Lóð Menntaskólans við Sund.

Verkkaupar ákváðu að halda hönnunarsamkeppni og var hún undirbúin af FSR. Óskað var eftir því að keppendur myndi hönnunarteymi sem samanstendur af þeim hönnuðum sem að verkinu koma. Meðal þess sem áhersla var lögð á í samkeppninni var samspil viðbyggingarinnar við núverandi byggingar á lóð skólans og að skapa skólastarfinu góða umgjörð.



Vinningstillaga í hönnunarsamkeppni um Viðbygging við Menntaskólann við Sund.

Hönnunarsamkeppnin var auglýst í júní, skilafrestur var í september og úrslit voru tilkynnt og verðlaun afhent 25. október 2012. 19 tillögur bárust frá íslenskum og erlendum stofum. 1. verðlaun hlaut tillaga Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf. (Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, Akos Doboczy, arkitekt, Zoltán V. Horváth, arkitekt). Ráðgjöf veittu Vist og vera ehf. (Kristín Þorleifsdóttir PhD), Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf. (Erlundur Birgisson) og VSI-öryggishönnun og ráðgjöf ehf. (Gunnar Kristjánsson). Í desember var hönnun hafin á grundvelli vinningstillögunnar.

Kennsluhúsnæði í Hafnarfirði, leiguhúsnæði

FSR annaðist fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið frá því í september öflun leiguhúsnæðis í Hafnarfirði fyrir nemendur í fjölgreinanámi á vegum Iðnskólans í Hafnarfirði sem þurfa á sérúrræðum að halda. Unnin var húsrýmisáætlun og húslýsing. Auglýst var eftir 330 fermetra kennsluhúsnæði á leigu fyrir 25-30 nemendur í Hafnarfirði með góðu aðgengi og verði húsnæðið til afhendingar ekki síðar en 31. október 2012. Leigutilboð voru skoðuð en unnið verður áfram að leigumálinu á árinu 2013.

Skilamöt

Útgefin skilagrein á árinu 2012 vegna mennta- og menningarmálaráðuneytis og stofnana þess var eftirfarandi:

- Eirberg, Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, utanhússframkvæmdir. Skilagrein útgefin í janúar 2012.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Helstu verkefni í tengslum við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2012 voru snjóflóðavarnir og fleiri verkefni. Framkvæmdasýslan hefur umsjón með snjóflóðavörnunum fyrir verkkaupana, sem eru viðkomandi sveitarfélag og Ofanflóðasjóður, en hann er á vegum ráðuneytisins.

Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Í nóvember var hafin ráðgjöf FSR á stigi frumathugunar vegna Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Fyrirhuguð nýbygging mun hýsa gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt skrifstofu Skaftárhrepps, Errósetri, Kirkjubæjarstofu, háskólatengdri starfsemi og fleiru.

Snjóflóðavarnir á Ísafirði, þvergarður undir Kubba

Framkvæmdum lauk að mestu við þvergarð snjóflóðavarna í Ísafjarðarbæ í Holtahverfi neðan við fjallið Kubba. Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Ísafjarðarbær. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins.

Framkvæmdirnar hófust á árinu 2011 og er verktaki Geirnaglinn ehf. Á árinu 2012 var unnið áfram við lagningu ræsa og byggingu garðsins úr jarðefnum sem fengin eru innan framkvæmdasvæðisins, bæði lausu efni og efni sem losað er úr bergskeringum. Framhlið garðsins er nánast lóðréttur veggur (halli 4:1) og er byggður upp með netgrindum. Garðurinn var reistur og unnið að landmótun. Í samræmi við umhverfismat var unnið að mótvægisáð-

gerðum til að bæta ásýnd garðsins með mótun hans, yfirborðsfrágangi, gróðursetningu trjáa og grassáningu svo og gerð útivistarsvæðis með göngustígum. Lauk framkvæmdum að mestu haustið 2012 en unnið verður áfram að fyrirnefndum þáttum á árinu 2013.

Ofanflóðavarnir á Ísafirði, í Gleiðarhjalla

Unnið var áfram að undirbúningi í verkefninu Ofanflóðavarnir undir Gleiðarhjalla á Ísafirði. Verkkaupi er Ísafjarðarbær og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Frumathugun vann Verkís ehf., deiliskipulag vann Teiknistofan Eik ehf. og mat á umhverfisáhrifum vann Náttúrustofa Vestfjarða. Frumathugun var áður að mestu lokið en deiliskipulag fyrir innri hluta ofanflóðavarnanna var afgreitt í febrúar. Í janúar voru opnuð tilboð í verkhönnun. Tekið var tilboði Mannvits hf. sem vinnur verkhönnun ásamt Teiknistofunni Eik ehf. á Ísafirði.

Verkhönnunin nær til hönnunar 270 m langs og 2 til 5 m hás þvergarðs til varnar aur- og krapaflóðum og grjóthruni og 450 metra langra og 10 til 14 metra hárra, brattrra þvergarða til varnar snjóflóðum og 150 m langs og 6 til 7 metra bratts þvergarðs. Brattir hallar varnargarða verða byggðir upp með jarðvegsstyrkingakerfi, svo sem netgrindum. Verkið nær einnig til verkhönnunar lagnaleiða, vega, stíga, slóða, ræsa. Stefnt að verkútboði árið 2013. Unnið var að flutningi lagna árið 2012.




Ofanflóðavarnir á Ísafirði, í Gleiðarhjalla, yfirlitsteikning.

Snjóflóðavarnir Siglufirði, stoðvirki 2. áfangi

Unnið var að undirbúningi vegna 2. áfanga stoðvirkja snjóflóðavarna á Siglufirði. Verkkaupar eru Ofanflóðasjóður og Fjallabyggð. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Frumhönnun annast Verkfræðistofan Verkís ehf.

Frumathugun vegna stoðvirkjanna var gerð árið 2001 og var unnin af rannsóknarstofnun snjóflóða í Sviss í samráði við Veðurstofu Íslands. Niðurstaða frumathugunarinnar var tillaga að upptakastoðvirkjum sem gert var ráð fyrir að reisa í áföngum. Línuhönnun hf. vann mat á umhverfisáhrifum vegna stoðvirkjanna. Var 1. áfangi stoðvirkjanna, það er við Gróuskarðshnúk, framkvæmdur á árunum 2003 til 2004. Samkvæmt frumathugun er þörf fyrir snjóflóðavarnir á svæðum í Fífladölum og einnig er nokkur áhætta á fleiri svæðum neðan Fífladala, á svæðum við Hafnarhrynu/ Gimbrakletta.

Ákveðið var að hefja verkhönnun 2. áfanga stoðvirkja sem nær til stoðvirkja nyrst á svæðinu í Norður – Fífladölum þar sem þörf fyrir snjóflóðavarnir með stoðvirkjum er nú brýnust. Vann Verkfræðistofa Norðurlands ehf. á árinu 2012 verkhönnun bráðabirgðavegar upp að fyrirhuguðum svæðum 2. áfanga stoðvirkja og í ágúst var boðin út framkvæmd vegarins. Verktakinn Norðurverk ehf. lagði veginn og verður lokið við hann á árinu 2013.



Snjóflóðavarnir Siglufirði, stoðvirki 2. áfangi

Útboðsgögn vegna efnisútboðs 2. áfanga stoðvirkja voru unnin af Verkís og var útboðið auglýst í desember 2012. Það nær til hönnunar og framleiðslu á stoðvirkjunum, framleiðsla og afhending fer fram á árunum 2013-2015. Útboð á uppsetningu stoðvirkja fer fram í ársbyrjun 2013. Framkvæmdatími er áætlaður sumrin 2013-2015.



Uppsett stoðvirki í Tröllagili, Neskaupstað.

Snjóflóðavarnir í Neskaupstað, í Tröllagili

Á Neskaupstað var áfram unnið við snjóflóðavarnir í Tröllagili við varnargarða og keilur og lokið var við uppsetningu stoðvirkja. Verkkaupar eru Fjarðabyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins.

Í framhaldi af uppsetningu stoðvirkja á innra svæðinu var unnið við uppsetningu á ytra svæðinu. Framkvæmdasvæðið er í 500 – 700 metra hæð og setti verktakinn, Köfunarþjónustan ehf., upp vinnubúðir. Efnislager var á neðra vinnusvæði en flutningar stálgrinda þaðan upp í fjallið fóru fram með þyrlu. Í þessari hæð eru framkvæmdir háðar snjóalögum en árferði hefur verið hagstætt. Á árinu 2012 flaug þyrlan tvær fluglotur og settir voru upp um 1100 metrar af stálgrindum. Lauk uppsetningu stoðvirkjanna samkvæmt áætlun haustið 2012.

Unnið var áfram að uppbyggingu leiðingarðs og þvergarðs og hafin vinna við styrktan hluta þvergarðsins. Uppbygging garða og keila verður unnin áfram á árinu 2013 og er ráðgert að því, ásamt frágangi umhverfis, verði lokið haustið 2014.

Ofanflóðavarnir á Fáskrúðsfirði, við Nýjabæjarlæk

Á árinu 2012 var unnin frumathugun og áætlunargerð vegna Ofanflóðavarna við Nýjabæjarlæk ofan við Búðir á Fáskrúðsfirði. Verkkaupar eru Fjarðarbyggð og Ofanflóðasjóður. Umsjón fyrir verkkaupa hefur Framkvæmdasýsla ríkisins.

Frumhönnun, sem unnin var af Verkís hf. ásamt Landmótun ehf. fyrir Fjarðabyggð, var lögð fram í apríl. Samkvæmt hættumati er möguleiki á stórum krapaflóðum úr gilskorningum í Nýjabæjarlæk á Fáskrúðsfirði og standa fimm íbúðarhús á hættusvæði. Í frumathugun er lagt til að reistur verði þvergarður (grjótstífla) uppi í gilsmynninu og neðan við hann leiðigarður, einnig verði unnin landmótun meðal annars að reisa jarðvegsmanir ofan við skóla og íþróttavöll og einnig að leggja göngustíga.

Verkhönnun vann Verkfræðistofa Austurlands ehf. og Landmótun ehf. Hönnunin gerir ráð fyrir grjótstíflan verði í 110 m hæð, 15 m að lengd og 6 m há og byggð úr stórgrýti með stálteinum til styrkingar. Leiðigarður neðan grjótstíflu verður um 200 m langur og 3 - 7 m hár. Þvergilra verður byggð í framhaldi leiðigarðs, um 80 m, og verður fjallmegin brött og byggð með jarðvegsstyrkingarkerfi. Til framkvæmda verða einnig aðkomuvegir, ræsi, landmótun, jarðvegsmanir ofan við skóla og íþróttavöll, einnig gerð göngustíga, „skólarjóðurs“, tveggja göngubrúa og áningarstaðar. Fullnaðarhönnun til útboðs lauk í desember og er stefnt er að útboði framkvæmdanna í janúar 2013.



Ofanflóðavarnir Nýjabæjarlæk, í Fáskrúðsfirði.

Snjóflóðavarnir á Patreksfirði, þvergarður við Klif

Vegna snjóflóðavarna á Patreksfirði var á árinu 2012 lokið verkhönnun þvergarðs við Klif og hafnar framkvæmdir. Verkkaupar eru Vesturbyggð og Ofanflóðasjóður á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins.

Í frumhönnun snjóflóðavarna á Patreksfirði frá árinu 2011, sem Verkfræðistofan Verkís vann í samstarfi við Landmótun sf., var gerð tillaga um þvergarð ofan grunnskóla, kyndistöðvar og sjúkrahúss en um 7 byggingar standa innan hættusvæðis. Þar eð þröngt er um garðinn á umræddu svæði er lagt til að garðurinn verði óvenju brattur.

Til verkhönnunar var fengin með forvali verkfræðistofan Efla ehf. og til samstarfs vegna landslagshönnunar Landmótun ehf. Unnin var fullnaðarhönnun til útboðs á fyrrihluta ársins 2012. Hönnunin náði til snjóflóðavarnargarðs (þvergarðs) ofan við fyrrnefndar byggingar á Patreksfirði. Garðurinn er um 300 metra langur, beinn nema lítið eitt bogadreginn til endanna, og er virk hæð garðsins er 10 - 12 metrar.



Snjóflóðavarnir Patreksfirði, þvergarður við Klif.

Hlið garðsins flóðmegin verður byggð upp með styrkingarkerfi og verður halli garðsins allt að 1:4. Neðst í fláanum hlémeigin verða grjóthleðslur til að þrengja ekki um of að byggingunum. Til framkvæmda teljast einnig vegslóðar og ræsi, landmótun og frágangur umhverfis. Byggt verður upp fræðslusvæði ofan grunnskólans. Verkþættir tengjast flutningi trjágróðurs, stíga-gerð, uppsetningu lýsingar, nýtingu trjáa við smíði bekkja, yfirborðsfrágangi og fleira.

Framkvæmdirnar voru boðnar út og voru tilboð opnuð í ágúst 2012. Tekið var tilboði Verktakafélagsins Glaums ehf. og hófust framkvæmdir í lok árs 2012.

Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, við Litladalsá, Urðir, Milligil og Stekkagil

Hafinn er undirbúningur við ofanflóðavarnir á Patreksfirði á stigi frumathugunar í þremur verkefnum, það er við Litladalsá, ofan Sigtúns og við Stekkagil. Í greinargerð Veðurstofu Íslands frá árinu 2003 um ofanflóð er greint frá farvegum flóða á Patreksfirði. Þar segir meðal annars að krapa- og/ eða vatnsflóð í Litladalsá hafi valdið slysum og tjóni. Upp af höfninni, á svæði sem nefnt er Urðir, falla oft snjóflóð og þar er metin snjóflóðahætta og er ekki leyfð byggð á 150 m svæði frá höfninni og upp í fjall. Ennfremur verða athuguð möguleg ofanflóð við Geirseyrargil/ Stekkagil þar sem í leysingum kann að skapast hætta.



Ofanflóðavarnir á Patreksfirði.

Ofanflóðavarnir Bíldudal - Milligil

Verkefnið Ofanflóðavarnir Bíldudal - Milligil er í frumathugun.

Skilamöt

Útgefið skilamat á árinu 2012 vegna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins var eftirfarandi:

- Snjóflóðavarnir í Ólafsvík, stoðvirki og varnir við Bæjargil. Skilamat útgefið í ágúst 2012.

Utanríkisráðuneytið

Engin ný verkefni voru unnin hjá FSR fyrir utanríkisráðuneytið á árinu 2012.

Velferðarráðuneytið

Helstu verkefni fyrir velferðarráðuneytið og stofnanir þess á árinu 2012 voru eftirfarandi.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi

Hafin var ráðgjöf FSR vegna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) við fyrirhugaðar breytingar á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi. Arkís arkitektum var falið af velferðarráðuneytinu að vinna forsoðgn og þarfagreiningu fyrir hjúkrunarheimili fyrir 15 einstaklinga. Í ljós kom að með breytingum á sjúkrahúsbyggingunum tveimur mætti koma hjúkrunarheimilinu fyrir í núverandi byggingum. Niðurstaða frumathugunar er því að gerðar verði breytingar og endurbætur á alls um 1.700 fermetrum í eldri sjúkrahúsbyggingum, sem eru frá árunum 1936 og 1980, og með því verði nýting bygginganna aukin verulega. Jafnframt verði hjúkrunarrými að Skólástíg 17a lagt niður. Stefnt er að því að verkhönnun verði unnin á árinu 2013.

Landspítali Grensásdeild, bílskýli og lóðarlögun

Framkvæmdum við bílskýli og lóðarlögun við Grensásdeild Landspítala lauk sumarið 2012. Verkkaupi var Landspítalinn fyrir hönd velferðarráðuneytisins en Hollvinir Grensásdeildar fjármögnuðu verkefnið að miklu leyti. Aðalhönnuður var THG Arkitektar ehf. Umsjón með framkvæmdunum hafði FSR. Verktaki var Hálsafell ehf.



Endurbætt lóð Grensásdeildar LSH.

Gerðar voru gagngerar endurbætur á lóðinni og byggt bílskýli yfir bílastæði fatlaðra. Bílskýlið myndar skjól fyrir sjúklinga sem sækja deildina og liggur frá aðalinngangi til suðurs. Það er úr stáli, steypu og gleri, byggt yfir 12 bílastæði. Lóðarfrágangurinn uppfyllir kröfur um aðgengi fyrir hreyfihamlaða.

Sjúkrahús Suðurlands, endurbætur og breytingar

Unnið var að undirbúningi á stigi frumathugunar vegna endurbóta og breytinga á sjúkrahúsi Suðurlands, Selfossi. Að verkefninu koma Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu), velferðarráðuneytið, Framkvæmdasýsla ríkisins og Teiknistofan Tröð.



HSu, frumteikning breytinga sjúkrahússins.

Sjúkrahúsbyggingin var byggð á árunum 1972-1987 og hýsti þá einnig heilsugæsluna. Byggð var bygging vestan við sjúkrahúsið á árunum 2004 - 2008 og var þar komið fyrir heilsugæslunni og hjúkrunardeildum sjúkrahússins. Vegna sjúkrahússins hefur verið stefnt að endurbótum og breytingum á eldri byggingunni. Að mati Heilbrigðisstofnunar Suðurlands og velferðarráðuneytisins er hentugt að leysa húsnæðisþörf sjúkrahússins til frambúðar í áföngum sem nái til breytinga á innra fyrirkomulagi eldri byggingarinnar og viðbygginga við hana. Á árinu 2012 var unnin talsverð notendavinna við þarfagreiningu og húsrýmisáætlun, sett var fram forsoðgn og unnin frumhönnun. Þar er gert ráð fyrir að í eldri byggingunni verði á fyrstu hæð bráðamóttaka ásamt stoðþjónustu, á annarri hæð legudeild og fæðingardeild, á jarðhæð þjónustustarfsemi og skrifstofur og mötuneyti á efstu hæð. Frumathugun hefur verið gerð og fyrir liggur deiliskipulag fyrir lóðina.

Hjúkrunarheimili í Fjarðabyggð

Framkvæmdir við Hjúkrunarheimili á Eskifirði í Fjarðabyggð hófust í janúar 2012. Verkkaupar eru velferðarráðuneytið og Fjarðarbyggð, umsjón hefur Framkvæmdasýsla ríkisins. Verktakinn, Viðhaldsmeistarinn ehf., vann að verkinu. Í árslok var steypuvinna vel á veg komin, hluti glugga kominn úr framleiðslu og verktaki byrjaður að setja glugga í austurbyggingu ásamt því að loka hallandi þökum. Verkið er töluvert á eftir áætlun.



Hjúkrunarheimilið í Fjarðabyggð í byggingu.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga - Sjúkrahús á Húsavík, endurbætur

Vegna fyrirhugaðra endurbóta og breytinga sjúkrahússins á Húsavík kom FSR að umsjón verkefnis á stigi frumathugunar. Velferðarráðuneytið gerði við AVH ehf. arkitektúr - verkfræði – hönnun frumhönnunarsamning í október 2012 og hófst vinna stofunnar við þarfagreiningu og forsögn í samstarfi við FSR, ráðuneytið og notendur.

Tilsjón með hjúkrunarheimilum

Allmiklar framkvæmdir áttu sér stað við uppbyggingu hjúkrunarheimila á vegum velferðarráðuneytisins og sveitarfélaganna þar sem viðhöfð var svonefnd „leiguleið“. Sveitarfélögin annast undirbúning og framkvæmd. Í boði er lánsfjármögnun íbúðarlánasjóðs. Hjúkrunarheimilin verða í eigu sveitarfélaganna en ríkið tekur heimilin á leigu til 25 ára. Undirbúningur fer fram í samráði við FSR og ráðuneytið. FSR hefur tilsjón með framkvæmdum sem felst í að fylgjast með framgangi framkvæmda, gera verklokaúttektir og veita ráðuneytinu upplýsingar um gang mála.

Á árinu 2012 var lokið við framkvæmdir við Hjúkrunarheimilið í Borgarbyggð. Unnið var að framkvæmdum við Hjúkrunarheimilið Holtsbúð, Garðabæ og lokið við að reisa húsið og í apríl var hafin vinna við innréttingar og lóðarframkvæmdir. Sama á við um Hjúkrunarheimilið Eir, Mosfellsbæ. Að lokinni hönnun, haustið 2012, voru boðnar út framkvæmdir við hjúkrunarheimilið Nesvelli í Reykjanesbæ sem hófust síðar á árinu. Haldin var samkeppni um hönnun Hjúkrunarheimilis Fljótsdalshéraðs, Egilsstöðum, og var hönnun hafin á árinu. Sama á við um hjúkrunarheimili á Ísafirði. Í undirbúningi eru hjúkrunarheimili í Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi og Bolungarvík.

Á útboðsþingi í mars 2012 var kynnt heildarumfang hjúkrunarheimila í „Leiguleið“ þar sem áætlað var að verkframkvæmdir árið 2012 yrðu um 4.300 m.kr. og í heild á árunum 2011 til 2014 um 11.500 m.kr.



Hjúkrunarheimili Egilsstöðum, forteikning.

Nýr Landspítali - háskólasjúkrahús

Þrjú samráðsþing um Nýjan Landspítala (NSLH) voru haldin á árinu 2012. Á samráðsþingi í febrúar var fjallað um markmið varðandi tækni og heilbrigðistæknikerfi nýs spítala. Í október var rætt um stöðu verkefnisins, stærð þess og kostnað. Loks var á samráðsþingi í desember fjallað um umhverfisþætti og kostnaðaráætlanir verkefnisins. Deiliskipulagstillaga var auglýst í júlí og var deiliskipulagið samþykkt af hálfu Reykjavíkurborgar í desember.

Forhönnun SPITAL - hópsins lauk í desember og hönnunarhópurinn afhenti NSLH formlega gögnin sem ná til meðferðarkjarna, rannsóknarhúss, sjúkrahótel, háskólabygginga, bílastæðahúss og gatna, veitna og lóðar. Forhönnunin inniheldur teikningar, kröfulýsingar, útboðslýsingar, forhönnunarskýrslu, kostnaðaráætlanir og útboðsgögn.



NSLH Landspítalalóð. Meðferðarkjarninn, torgið við hann og gamli spítali við enda torgsins.



NSLH Landspítalalóð, deiliskipulagstillaga.



Helgi Már Halldórsson, hönnunarstjóri SPITAL, afhenti Gunnari Svavarssyni, stjórnarformanni NSLH, forhönnunargögnin fyrir hönd hópsins.

Á árinu 2013 er ráðgert að ljúka skipulagsferlinu. Stjórnvöld stefna nú að því að ekki verði farin leiguleið heldur verði bygging nýs Landspítala fjármögnuð sem opinber framkvæmd og verður frumvarp þess efnis lagt fram. Framundan er einnig umfjöllun Alþingis um verkefnið að öðru leyti.

Skilamöt

Útgefin skilamöt og skilagreinar á árinu 2012 vegna velferðarráðuneytisins og stofnana þess voru eftirfarandi:

- Öldrunarheimili Akureyrar, viðbygging við hjúkrunarheimilið Hlíð. Skilamat útgefið í febrúar 2012.
- Embætti landlæknis, leiguhúsnæði. Skilagrein útgefin í apríl 2012.

Alþingi

Verkefni fyrir Alþingi á árinu 2012 voru ekki mikil en tengjast eins og áður undirbúningi uppbyggingar á Alþingisreit, verkefni sem voru áður hafin.

Alþingisreit, fornleifagröftur 2. áfangi

Framhald varð á fornleifauppgrefti á Alþingisreit á hluta svæðis sem afmarkast af Tjarnargötu, bakhlíð húsa að Kirkjustræti, Vonarstræti og Oddfellowhúsi.

Í þessum verkáfangi var lokið við að grafa niður á „sterilt“ lag, það er sem var áður en landnám hófst um 874. Fornleifagröftur fór fram frá júní til nóvember 2012 og að því loknu tók við gerð skýrslu sem unnin verður áfram að 2013. Ljósleiðir ehf. var verktaki vegna jarðvinnu en meginhluti verksins var fornleifagröftur sem MAS ehf. annaðist og stýrmaði Vala Björg Garðarsdóttir fornleifagreftinum eins og í fyrri áfangi.



Fornleifagröftur á Alþingisreit, 2. áfangi. Til hægri fer fram leiðsögn fornleifafræðings.

Skilamöt

Skilamöt og skilagreinar sem gefin voru út á árinu 2012 vegna Alþingis voru eftirfarandi:

- Alþingi. Fornleifagröftur á Alþingisreit, 1. áfangi. Skilagrein útgefin í janúar 2012.
- Alþingi, Kirkjustrætishús, flutningur Skúlahúss. Skilamat útgefið í júní 2012.

Formlegt samstarf

Framkvæmdasýslan tekur þátt í ýmsu formlegu samstarfi við innlendar stofnanir og hagsmunasamtök svo og við erlendar stofnanir.

Innlent samstarf

Þátttaka í samstarfi innanlands er talsverð þar sem FSR er í samráði við ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmis hagsmunasamtök sem starfa á skyldum vettvangi.

BIM Ísland

BIM (Building Information Modeling) eða upplýsingalíkön mannvirkja, er aðferðafræði sem hefur verið að ryðja sér til rúms hérlandis síðastliðin ár. BIM er það ferli að hanna og stjórna upplýsingum með því að búa til sýndarveruleika af framkvæmd verkefnisins og geta deilt þeim upplýsingum á rafrænu formi. Með því að „byggja“ verkefnið þannig upp, áður en framkvæmt er, eykst þekking og skilningur á verkefninu innan verkefnateymisins.

Þann 22. mars hélt FSR kynningarfund í Laugardagshöllinni með yfirskriftinni BIM – frá hönnun til framkvæmdar. Á fundinum kynntu innlendir og erlendir gestir hvernig þeir eru að nota aðferðafræðina á öllum stigum framkvæmdar. Margir starfsmenn FSR voru þátttakendur, meðal þeirra Óskar Valdimarsson og Þórir Jónsson sem tóku jafnframt þátt í skipulagi ráðstefnunnar.

FSR hefur veitt BIM verkefninu mikilvægan stuðning með samstarfi við aðila í verkefnum á vegum FSR þar sem BIM hefur verið notað, bæði í hönnun og í framkvæmd. Á það einkum við eftirfarandi verkfni:

- Hús íslenskra fræða
- Framhaldsskólans í Mosfellsbæ
- Hjúkrunarheimilið í Fjarðabyggð
- Nýtt háskólasjúkrahús
- Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur
- Fangelsið á Hólmsheiði

Í stjórn BIM Íslands er meðal annarra Óskar Valdimarsson forstjóri FSR. Tengiliður FSR við BIM Ísland á árinu 2012 var Þórir Jónsson.

Byggingarstaðlaráð

Byggingarstaðlar tengjast verkefnum FSR og hefur stofnunin lengi átt í samstarfi við aðila um þá. Staðlaráð Íslands gefur út staðlana. Einn mikilvægasti staðalinn varðandi opinberar framkvæmdir er ÍST 30, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir. Óskar Valdimarsson forstjóri var í vinnuhóp sem vann að endurskoðun staðalsins. Tók 6. útgáfa staðalsins ÍST 30 gildi 8. janúar 2012.

Dokkan

Dokkan er nýtt þekkingarfyrirtæki sem í samstarfi við fyrirtæki hefur staðið fyrir fjölda áhugaverðra fræðslufunda. Fundirnir eru á sviði stjórnunar og rekstrar um hagnýta og fræðilega þekkingu með prófaðar lausnir, hagkvæmni og nýsköpun á hverju málefnasviði. Starfsmenn FSR hafa nú aðgang að atburðum Dokkunnar. Staðsetning atburðanna er oftast í húsnæði hjá fyrirtæki fyrirlesaranna.



Stefnt er að því að FSR muni á árinu 2013 leggja til fyrirlesara til að kynna starfsemi FSR og sérstaklega nýjungar í starfsemi. Tengiliður FSR vegna Dokkunnar er Halldóra Vífilsdóttir.

Vistvænar byggingar, samgöngur og umhverfisstaðlar

Ráðstefna um vistvænar byggingar, samgöngur og umhverfisstaðla var haldin á Háskólatorgi Háskóla Íslands 17. apríl 2012. Meðal fyrirlesara var Óskar Valdimarsson sem flutti erindið *FSR og vistvænar byggingar*. Þátttakendur frá FSR voru Óskar Valdimarsson, Bergljót S. Einarisdóttir, Halldóra Vífilsdóttir og Lena Kadmark.

Menningarstefna í mannvirkjagerð

Starfshópur um menningarstefnu í mannvirkjagerð sem skipaður var 2011 starfaði áfram að eftirfylgni með stefnunni. Þar áttu sæti sömu fulltrúar eins og áður, þeirra á meðal Halldóra Vífilsdóttir fyrir FSR.

Í menningarstefnunni eru kaflarnir Gæði, Arfur, Þekking og Hagur og markmið þeim tengd. Í tillögum um útfærslu, sem áfram hefur verið unnið að, er við hvert markmið tilgreint verkefni, aðilar og aðgerðir. Eins og að var stefnt hefur starfshópurinn haft samband við og haldið fundi með ýmsum aðilum og með því þrýst á að verkefnum og aðgerðum sem snúa að þeim verði gerð skil.

Tengiliður FSR vegna menningarstefnu í mannvirkjagerð er Halldóra Vífilsdóttir.

Steinsteypufélag Íslands

Samstarf hefur verið hjá FSR við Steinsteypufélag Íslands.

Steinsteypudagurinn 2012 var haldinn á Grand hóteli föstudaginn 17. febrúar 2012. Boðið var upp á þetta og góða dagskrá og var fyrst málaflökkurinn rannsóknir og þróun, þar sem fjallað var meðal annars um iblöndurnarefni og einnig um mat á vatnssements-tölu. Framkvæmdir með steinsteypu eru vandmeðfarnar og var fjallað meðal annars um áhrif titrunar og fleira varðandi meðferð steypu. Tekinn var til umfjöllunar raki í byggingum og flutt var einnig erindi um húsasótt.

Þjóðfélagsleg umræða um stöðu iðnaðarins var síðasti málaflökkurinn á ráðstefnunni og voru þar flutt erindi um byggingariðnaðinn á Íslandi, nýju byggingarreglugerðina, byggingarmarkaðinn og spáð í væntanlegar breytingar í byggingariðnaði. Að þessu sinni voru ekki veitt Steinsteypuverðlaun sem hafa verið skemmtileg viðbót á Steinsteypuþegi síðastliðin ár. Tengiliður FSR við félagið er Magnús K. Sigurjónsson.

Verkefnastjórnunarfélag Íslands / IPMA

Samstarf hefur verið við Verkefnastjórnunarfélags Íslands (VSF). Á síðastliðnu ári var þátttaka FSR með minna móti í félaginu. Þórir Jónsson hjá FSR sem áður var í stjórn félagsins var áfram tengiliður FSR við félagið.

Vistbyggðarráð

FSR er aðili að Vistbyggðarráði (VBR) sem er vettvangur á sviði vistvænnar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja. Starfsemin hefur verið líffleg, haldnir voru yfir tuttugu atburðir á árinu auk funda í vinnuhópum.

Tengiliður við VBR fyrir FSR er Lena Kadmark og er hún varamaður í stjórn Vistbyggðarráðs.

Ráðstefna Norrænu vistbyggðarráðanna (Nordic Green Building Councils) um umhverfisgæði bygginga var haldin í Osló dagana 9. og 10. febrúar 2012. Ráðstefnunni var ætlað að draga fram það helsta sem var á döfni á sviði vistvænna bygginga og skipulags á Norðurlöndunum. Haldnir voru fyrirlestrar um ýmis málefni þessu tengt, einnig kynnt einstök verkefni og að lokum var haldin málstofa. Þátttakendur frá FSR voru Óskar Valdimarsson og Lena Kadmark.

Vistbyggðarráð hélt opinn fund 1. mars 2012 þar sem farið var yfir það helsta sem fram kom á ráðstefnu Norrænu vistbyggðarráðanna (Green Building Councils) í Osló í byrjun febrúar. Þátttakandi frá FSR var Lena Kadmark.



Á ráðstefnu Norrænu vistbyggðarráðanna.

Málþing um samfélagsleg áhrif skipulags samgöngukerfisins var haldið 22. mars 2012. Þátttakandi frá FSR var Lena Kadmark.

Fundurinn Umhverfissvottun bygginga á Íslandi var haldinn hjá EFLU verkfræðistofu, Höfðabakka 9, 23. maí 2012. Þátttakandi frá FSR var Lena Kadmark.

Efnið skapar andann! Ráðstefna um vistvæn byggingarefni var haldin á Hótel Natura, Þingsal 2, 24. maí 2012. Þátttakendur frá FSR voru Lena Kadmark og Bergljót S. Einarasdóttir.

Building Sustainability Sweden 2012, ráðstefna, vinnustofur og sýning, var haldin í Stokkhólmi 18. - 19. október 2012. Þátttakandi frá FSR voru Halldóra Vífilisdóttir og Lena Kadmark.

Fundurinn Græn leiga og samkeppni um vistvæna endurhönnun var haldinn að Höfðabakka 9, 29. nóvember 2012. Sama dag var einnig haldinn aðalfundur VBR. Þátttakandi frá FSR var Lena Kadmark.

Í desember gaf Vistbyggðarráð út bæklinginn *Í átt að vistvænni byggð!* sem er fyrst og fremst ætlað að kynna samtökin og helstu áherslur og verkefni. Umsjón með texta bæklingins hafði Lena Kadmark, hönnun annaðist Sírnir Einarsson. Þetta er fyrsti bæklingurinn sem Vistbyggðarráð gefur út.



Bæklingurinn *Í átt að vistvænni byggð*

Erlent samstarf

Nordic Built

FSR er aðili að Nordic Built sem er nýtt norrænt samvinnuverkefni sem hvetur til þróunar samkeppnishæfra lausna í vistvænni mannvirkjagerð og miðar að því að Norðurlöndin verði leiðandi í nýsköpun, grænum hagvexti og velferð. Markmið verkefnisins er að byggingaiðnaðurinn sameinist um að nýta sérþekkingu sína til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir vistvænni mannvirkjagerð í heiminum. Kjarni verkefnisins var ákvarðaður með sáttmála sem stofnað var til á árinu 2011 en verkefnið er fjármagnað af Norræna ráðherraráðinu ásamt Nordic Innovation. Meðal atburða á árinu 2012 sem tengjast Nordic Built voru eftirfarandi:

Fundur til undirritunar sáttmála Nordic Built var haldinn í Danmörku 8. ágúst 2012. Þar sem aðilar skuldbundu sig til að fylgja meginreglum í starfi fyrirtækja sinna og að þróa samkeppnishæfar lausnir í sjálfbærri mannvirkjagerð.



Frá undirritun Nordic Built aðila í ágúst 2012.

Opinn fundur til kynningar Nordic Built og til undirritunar nýrra aðila var haldinn í Reykjavík 13. september 2012. Voru stjórnendur sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Íslandi sem koma að byggingu og rekstri mannvirkja og áhuga hafa á sjálfbærni og norrænni samvinnu hvattir til að mæta og kynna sér sáttmálann.



Frá fundi Nordic Built í Reykjavík 2012.

Fulltrúar verkefnisins fóru sameiginlega yfir viljayfirlýsinguna en „sendiherrar“ Nordic Built á Íslandi eru þau Óskar Valdimarsson frá FSR, Helga J. Bjarnadóttir frá EFLU, Sigríður Björk Jónsdóttir frá Vistbyggðar-ráði og Sigurður Einarsson frá Batteríinu arkitektum. Í samræmi við tilgang fundarins gengu til liðs við Nordic Built og skrifuðu undir viljayfirlýsinguna eftirfarandi aðilar: Páll Gunnlaugsson frá ASK arkitektum, Sigríður Magnúsdóttir frá Teiknistofunni Tröð og Halldór Guðmundsson frá THG arkitektum.

Þann 2. nóvember 2012 undirritaði innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, Nordic Built sáttmálann. Fór undirritunin fram á fundi ráðherra með aðilum verkefnisins Fangelsi á Hólmsheiði, þar sem fulltrúi verkkaupa, hönnunarteymis og FSR staðfestu að í verkefninu yrði unnið í anda Nordic Built sáttmálans.



Innanríkisráðherra undirritar Nordic Built.

Þann 8. nóvember 2012 var kynnt óvenjuleg samkeppni, Nordic Built Challenge, um vistvæna endurhönnun bygginga. Samkeppnin er í tveimur umferðum, fyrst hugmyndasamkeppni sem er öllum opin og verða þar valdar fjórar tillögur fyrir hverja fimm bygginganna. Mun samkeppnin fara fram í nokkrum þrepum og að mestu á árinu 2013. Tengiliður FSR í samstarfi við Nordic Built er Óskar Valdimarsson.

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar

Norrænt samstarf um ríkisbyggingar/ Nordic Kontakt om Statsbygninger (NKS) er samstarfsvettvangur FSR við systurstofnanirnar á Norðurlöndum.

Fundurinn NKS – BIM var haldinn á Grand Hótelu 10. maí 2012. Þátttakendur frá FSR voru Óskar Valdimarsson og Þórir Jónsson.

Fundur NKS var haldinn í Stokkhólmi 12. - 13. júní 2012. Um var að ræða forstjórafund sem haldinn er annað hvert ár, og tók forstjóri FSR, Óskar Valdimarsson, þar þátt.


Í tengslum við samstarfið í NKS komu fulltrúar Statsbygg í Noregi í heimsókn og var fundur haldinn með þeim á Hótel Sögu og í Hörpu 27. ágúst 2012. Fundina sóttu fyrir FSR Óskar Valdimarsson, Halldóra Vífilds dóttir, Helga Liv Óttarsdóttir, Bergljót S. Einarsdóttir og Örn Baldursson.

Norrænt samstarf um byggingar utanríkisþjónustu

FSR er, ásamt utanríkisráðuneytinu, aðili að NKU (Nordisk Kontakt om Utrikesbyggeri) sem er vettvangur til að miðla reynslu og finna fleti á norrænu samstarfi um framkvæmdir og húsnæðismál á vegum utanríkisráðuneytanna. Árlega eru haldnir fundir í NKU-samstarfinu og skiptast löndin fimm á að halda fundinn. Fundur NKU var haldinn í Þrándheimi 5. - 6. september 2012 en var árið áður haldinn í Reykjavík.

Norrænn byggingardagur

Meginverkefni NBD er að halda Norræna byggingardaginn (Nordisk Byggedag/ Nordic Building Forum) sem jafnan er haldinn annað hvert ár. Eftir ráðstefnu í Helsinki í september 2011 var stefnt að því að halda ráðstefnuna í Danmörku 2013. Dönsku aðilarnir ákváðu að halda ekki ráðstefnuna og fellur hún því miður niður í það sinn. Ákveðið hefur verið að næsta NBD ráðstefna verði í Reykjavík haustið 2015 og er stjórn NBD á Íslandi þegar byrjuð að ræða um undirbúning þess verkefnis.



Ný vefsíða NBD á Íslandi.

Tengiliður FSR við NBD er Magnús K. Sigurjónsson og er hann ritari í stjórn NBD á Íslandi. Sérstakt verkefni sem hann hefur annast var að koma upp nýjum vef NBD á Íslandi og var hann opnaður á árinu 2012.

Samstarf við bips

Bips (Byggeri, informationsteknologi, produktivitet og samarbeiðe) er samstarfsvettvangur um byggingariðnað, upplýsingatækni, framleiðni og samstarf á byggingarsviði, sem FSR er aðili að. Bips leggur til skilmála sem notaðir hafa verið hérlendis við BIM.

Ráðstefnan bips konference 2012, Arkitektarbejde i et internationalt perspektiv, var haldin á Nyborg Strand í Danmörku dagana 10. - 11. september 2012. Þátttakandi frá FSR á ráðstefnunni var Þórir Jónsson.

TWN - Vinnuaðstöðusamtök

FSR er aðili að TWN (The Workplace Network) sem eru samtök systurstofnana FSR/FR í mörgum löndum þar sem viðfangsefnið er að skiptast á skoðunum um fasteignamál hjá hinu opinbera og allt sem snýr að vinnuaðstöðu.



Kynning W4 vinnustofufundar í Bergen.

Vinnufundur W4 Workshop, World Wide Workplace Web, á vegum TWN var haldinn í Bergen í Noregi 10. - 15. júní 2012. Þátttakendur frá FSR voru Halldóra Vífilsdóttir og Örn Baldursson.

Ársfundur TWN var haldinn í Haag í Hollandi dagana 17. - 19. september 2012. Fundinn sótti Óskar Valdimarsson forstjóri.

Atburðir

Auk þátttöku í atburðum sem nefndir eru í fyrri köflum voru meðal annars eftirfarandi atburðir sóttir af starfsmönnum FSR.

Arkitektúr, verkfræði og skipulag

Á 100 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) kynnti félagið dagskrá afmælisársins og afmælishátíð VFÍ var haldin í Hörpunni 19. apríl 2012. Þátttakendur frá FSR voru Óskar Valdimarsson og fleiri.

Málþing og opnun sýningar með heitinu Snøhetta - Arkitektúr, landslagshönnun, innanhússhönnun var á Kjarvalsstöðum 14. janúar 2012. Um var að ræða kynningu á verkum arkitektastofunnar Snøhetta og var haldin á vegum utanríkisráðuneytis Noregs. Þátttakendur frá FSR voru Gíslína Guðmundsdóttir og Halldóra Vífilsdóttir. Í tengslum við sýninguna var einnig gestaspjall 26. febrúar 2012. Sýningin var opin til 4. mars 2012 og hana sóttu fleiri starfsmenn FSR.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Mannvirkjastofnun stóðu fyrir kynningarfundum um nýja byggingarreglugerð. Var meðal annars haldinn slíkur fundur 10. febrúar 2012 á Grand Hótel í Reykjavík. Fundinn sóttu starfsmenn FSR., þau Bergljót S. Einarsdóttir, Guðbjartur Á. Ólafsson, Guðmundur Pálsson, Halldóra Vífilsdóttir, Jón H. Ásbjörnsson, Magnús K. Sigurjónsson, Sigurður Norðdahl og Örn Baldursson.

Alþjóðlegi skipulagsdagurinn var haldinn 8. nóvember 2012 í Iðnó. Þar voru afhent skipulagsverðlaun Skipulagsfræðingafélags Íslands en þau eru veitt annað hvert ár og í þetta sinn fyrir vistvænar áherslur í skipulagi. Voru verðlaunin í þetta sinn veitt í samstarfi við Vistbyggðaráð og einnig stóð Arkitektafélag Íslands að verðlaununum. Fundinn sótti Gíslína Guðmundsdóttir starfsmaður FSR sem er í stjórn Arkitektafélags Íslands.

BIM

Evrópsk ráðstefna í Reykjavík um mannvirkjalíkön í Reykjavík, The 9th European Conference on Product and Process Modelling (ECPM), var haldin á Grand Hotel 25. - 27. júlí 2012. Þátttakandi frá FSR var Óskar Valdimarsson.

Námskeiðið Vinna fagmanna með BIM var haldið í Iðunni fræðslusetri ehf, þann 16. nóvember 2012. Fjallað var um vinnu fagmanna með BIM líkön á verkstað. Frá FSR sótti Gunnar Sigurðsson námskeiðið.

Byggingartækni

Brunavarnaþing 2012, var haldið 27. apríl 2012 í Hótel Natura, Loftleiðum. Yfirskrift þingsins var Byggingararfleifð - Brunavarnir, þar sem rætt var um brunavarnir í gömlum byggingum og þau vandamál sem upp geta komið þegar verið er að endurnýja og lagfæra gömul hús, sérstaklega þegar varðveislugildi og öryggismál rekast á. Meðal fyrirlesara var Örn Baldursson arkitekt hjá FSR sem fjallaði um nýlegar lagfæringar í Miðbæjarskólanum í Reykjavík.

Ráðstefna Ljóstæknifélags Íslands var haldin 2. febrúar 2012. Voru haldin fróðleg erindi, það fyrsta um hvernig litarhitastig og ljósmagn geta haft jákvæð áhrif á framleiðni manna, í öðru erindi um aukna nýtingu dagsljóss við hönnun bygginga. Henrik Clausen frá Fagerhult fjallaði um ljós og heilsu á breiðum grundvelli. Þátttakendur frá FSR voru Halldóra Vífilsdóttir og Bergljót S. Einarsdóttir.

Málþingið Lýsingarhönnun og byggingarlist verður haldið í Norræna húsinu 27. október 2012. Þátttakandi frá FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

Norrænn menningararfur

Fyrirlesturinn Norrænt samstarf á sviði menningararfs var haldinn í Þjóðminjasafni Íslands 28. nóvember 2012. Fundinn sótti Magnús K. Sigurjónsson, fulltrúi FSR hjá NBD.

Samtök iðnaðarins

Útboðsþing 2012, árlegt útboðsþing verktaaka um verklegar framkvæmdir, var haldið á Grand Hótel Reykjavík 2. mars 2012. Á útboðsþinginu flutti Óskar Valdimarsson, forstjóri FSR, erindið *Framkvæmdasýsla ríkisins. Verkframkvæmdir árið 2012 (einnig horft til árána 2013 til 2017)*.



Kynningarsíða vegna útboðsþings 2012.

Umhverfi og sjálfbærni

Vistæn meðhöndlun viðar, kynningarfundur um nýja vistvæna meðhöndlun timburs með náttúrulegum efnasamböndum var haldinn í sal Verkfræðingafélagsins 10. október 2012. Þátttakandi frá FSR var Gíslína Guðmundsdóttir.

Fundurinn Umhverfissvottun bygginga á Íslandi var haldinn hjá EFLU verkfræðistofu, Höfðabakka 9, 23. maí 2012. Þátttakandi frá FSR var Bergljót S. Einarsdóttir.

Kynningarnámskeið um þýskt vottunarkerfi fyrir byggingar var haldið í Fógetastofunni á Reykjavík Hotel Centrum í Aðalstræti 27. apríl 2012. Þátttakandi frá FSR var Bergljót S. Einarsdóttir.

Málþingið Sjálfbært skipulag - Dæmi Háskólasvæðið var haldið í Öskju, stofu 132, 25. apríl 2012. Þátttakandi frá FSR var Bergljót S. Einarsdóttir.

Vefumsjón

Haustvítamín fyrir vefstjórnendur, hádegisfundur Ský (Skýrslutæknifélags Íslands), verður haldinn á Grand hóteli 29. ágúst 2012. Þátttakandi frá FSR var Magnús K. Sigurjónsson.

Hvað er spunið í opinbera vefi 2011? Kynning á niðurstöðum 4. úttektarinnar á opinberum vefjum ríkis og sveitarfélaga á hádegisfundi á Grand hóteli 18. janúar 2012. Þátttakandi frá FSR var Magnús K. Sigurjónsson.

Rekstur og starfsfólk

Rekstrarafkoma

Tekjur ársins námu rúmum 253 milljónum króna sem er 11% hærra en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Gjöld ársins námu 261 milljónum króna og fóru því 14% fram úr áætluðum gjöldum.

Tekjur hækkuðu frá fyrra ári um tæpar 50 milljónir króna eða 24%. Gjöld hækkuðu á móti um 28 milljónir króna eða 12% á milli ára. Afkoma stofnunarinnar var neikvæð um tæpar 8 milljónir króna sem er mun betri niðurstaða en árið áður.

Launagjöld eru stærsti útgjaldaliður stofnunarinnar og eru jafnan í kringum 70% af heildarútgjöldum. Launagjöld hækkuðu á milli ára um sem nemur 16,7 milljónum króna eða 10%. Almennar launahækkunarir á árinu námu 3,5% eða frá 1. mars að telja. Auk þessa voru greiddir sem nemur 20 tímum á starfsmann í 100% starfi 1.nóvember. Í kjölfar þess að árið 2011 kom ekki fjárhagslega vel út hjá FSR voru gerðar skipulags- og mannbreytingar hjá stofnuninni. Gripið var til þess ráðs að auka hlutfall þeirra starfsmanna sem selja sína þjónustu til viðskiptavina FSR og minnka hlutfall þeirra sem sjá um stoðþjónustu.

Nauðsynlegt reyndist að gera ráð fyrir mögulega töpuðum kröfum og því voru færðar í afskriftasjóð 13 milljónir króna. Í heildina hækkuðu önnur gjöld um 11 milljónir króna á milli ára.


Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir að rekstur yrði í járnnum. Sé horft fram hjá tillagi stofnunarinnar í afskriftasjóð á árinu skilaði reksturinn afgangi að fjárhæð 5,2 m.kr.

Í árslok nam eigið Framkvæmdasýslunnar 355 þúsundum króna.

Verkbókhald FSR

Stærstur hluti þeirra verka sem Framkvæmdasýsla ríkisins hefur umsjón með er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá stofnuninni. Lög um skipan opinberra framkvæmda kveða enda á um að svo skuli vera til að stuðla að aukinni hagkvæmni í opinberum framkvæmdum. Með því er verkefnastjórum gert kleift að hafa ávallt nýjustu upplýsingar um fjárhagsstöðu verkanna og auðveldar það kostnaðargát á verkum.

Velta verkboðhalds FSR árin 2000-2012



Velta verkboðhalds árin 2000 - 2012 í milljónum króna.

Starfsmannamál

Í árslok 2012 voru starfsmenn Framkvæmdasýslu ríkisins 23 talsins, í 22 stöðugildum. Starfsemi stofnunarinnar kallar á nokkuð hátt menntunarstig starfsmanna, en mikill meirihluti starfsmanna hefur lokið háskólaprófi.

Konur eru í 40% stöðugilda hjá FSR en það er markmið jafnréttisáætlunar FSR að tryggja að starfsmenn hafi jöfn tækifæri óháð kynferði og að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna innan stofnunarinnar.

Rík áhersla er lögð á endurmenntun og þjálfun starfsmanna með það að markmiði að viðhalda hæfni starfsmanna. Fræðsluáætlun er gerð fyrir hvern starfsmann og eru framlög til símenntunar vel nýtt.

Nokkrar skipulags- og mannabreytingar voru gerðar hjá stofnuninni árið 2012. Störf upplýsingastjóra og gjaldkera voru lögð niður. Anna Sigríður Guðnadóttir upplýsingastjóri sagði starfi sínu lausu frá og með 30. apríl og Guðbjörg Bjarnadóttir gjaldkeri lét einnig af störfum í lok apríl. Helga Liv Óttarsdóttir fjármálastjóri sagði starfi sínu lausu í lok árs 2012.



Frá skíðaferð Auðvitaðs á Siglufjörð.

Nokkrir verkefnastjórar hófu störf hjá FSR á árinu 2012. Þetta eru þau Ívar Már Markússon, Þorvaldur Stefán Jónsson og Bjargey Björgvinsdóttir. Skipulagsbreytingar voru gerðar í lok sumars og var Halldóra Vífilsdóttir ráðin aðstoðarforstjóri. Þá tók Bergljót S. Einarsdóttir við starfi gæðastjóra af Karli Ásmundssyni sem lét af störfum.

Starfsmannafélagið Auðvitað starfaði sem áður af fullum krafti. Aðalfundur félagsins var haldinn 6. febrúar 2012 og á morgunverðarfundum 2. mars var dagskrá ársins kynnt.

Farið var í skíða- og menningarferð til Siglufjarðar 9. - 11. mars og var ferðin einstaklega vel heppnuð.

Í apríl var boðið upp á súpu og salat hjá Manni lifandi í Borgartúni en Hafrún Kristjánsdóttir sálfræðingur og handboltakona hélt afar uppbyggilegt og fróðlegt erindi um liðsheid.



Erindi um liðsheid.

Starfsmenn og fjölskyldur FSR gengu á Esjuna í byrjun júní og tóku 35 manns þátt í göngunni. Farið var í heimsókn í sumarhús við Apavatn í lok ágúst og fór hluti starfsmanna í golf í Hveragerði áður.

Nokkrar minni uppákomur voru haldnar á vegum Auðvitað. Boðið var upp á popp í apríl, tromp í öðru veldi í maí auk þess sem starfsmenn voru kvaddir og sungið fyrir aðra (afmælissönginn).



Frá kaffisamsæti Auðvitaðs.

Nokkrar skoðunarferðir voru farnar á árinu.

Í mars var hjúkrunarheimilið í Mörk skoðað og í september var nýppgert húsnæði LSR við Engjateig 11, tekið út.

Árshátíð Auðvitað 2012 var haldin í byrjun nóvember en til upphitunar voru litapemdagar í október. Október er mánuður bleiku slaufunar og að sjálfsgöðu klæddist starfsfólk FSR bleiku föstudaginn 12. október. Þessu var fylgt eftir með litadögum föstudagana fram á árshátíð.

Árshátíðardaginn var farið í hina árlegu keilukeppni FSR og voru fjölskyldur starfsmanna með. Eftir keppnina var drukkið kaffi í HR og um kvöldið var svo árshátíðin haldin á Nauthóli og var gleði og gaman.

Í desember var boðið upp á kakó og piparkökur, farið var í leynivinaleik og voru litlu jólin svo haldin 20. desember og var þá uppljóstrað um leynivini undangenginnar leynivínaviku.



Starfsmenn FSR á litadegi í október 2012..

Starfsmenn FSR í árslok 2012:

Berglind Ýr Ólafsdóttir
 Bergljót S. Einarsdóttir
 Bjargey Björgvinsdóttir
 Gíslína Guðmundsdóttir
 Guðbjartur Á. Ólafsson
 Guðmundur Pálsson
 Guðrún V. Árnadóttir
 Gunnar Sigurðsson
 Halldóra Vífilisdóttir
 Helga Liv Óttarsdóttir
 Ívar Már Markússon

Jón Halldór Ásbjörnsson
 Lena Kadmark
 Magnús K. Sigurjónsson
 Óskar Valdimarsson
 Róbert Jónsson
 Sigríður Oddný Marinósdóttir
 Sigurður Hlökkversson
 Sigurður M. Norðdahl
 S. Hafsteinn Steinarsson
 Þorvaldur Stefán Jónsson
 Þórir Jónsson
 Örn Baldursson

09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR
2012

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



09-901 Framkvæmdasýsla ríkisins

Ársreikningur 2012

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:


	<u>2012</u>	<u>2011</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	253.402.537	204.099.282	160.500.000
Gjöld samtals.....	261.268.469	233.220.186	160.500.000
Framlag úr ríkissjóði.....	0	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-7.865.932	-29.120.904	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	881.197.721	707.693.370	
Skuldir samtals.....	880.842.505	699.472.222	
Höfuðstóll í árslok.....	355.216	8.221.148	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	-37.341.775	-44.983.955	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

13.04.2013



Forstöðumaður



Aðalbókari

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2012	Reikningur 2011	Fjárheimildir 2012
Tekjur			
Sértekjur.....	253.402.537	204.099.282	160.500.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	253.402.537	204.099.282	160.500.000
Gjöld			
Almennur rekstur.....	261.268.469	233.220.186	160.500.000
101 Framkvæmdasýsla ríkisins.....	261.268.469	233.220.186	160.500.000
Gjöld samtals	261.268.469	233.220.186	160.500.000
Tekjur umfram gjöld.....	-7.865.932	-29.120.904	0
Framlag úr ríkissjóði.....	0	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-7.865.932	-29.120.904	0

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2012	Reikningur 31.12.2011
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	0	0
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímaskröfur aðrar.....	419.351.930	270.649.790
Handbært fé.....	461.845.791	437.043.580
Veltufjármunir samtals.....	881.197.721	707.693.370
Eignir samtals.....	881.197.721	707.693.370
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	8.221.148	37.342.052
Breyting v/lokafjárlaga.....	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-7.865.932	-29.120.904
Höfuðstóll í árslok.....	355.216	8.221.148
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	355.216	8.221.148
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	37.341.775	44.983.955
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	843.500.730	654.488.267
Skammtímaskuldir samtals.....	880.842.505	699.472.222
Skuldir samtals.....	880.842.505	699.472.222
Skuldir og eigið fé samtals.....	881.197.721	707.693.370

Sjóðstreymi

	Reikningur 2012	Reikningur 2011
Hagnaður/tap ársins	-7.865.932	-29.120.904
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-148.702.140	658.947.929
Breyting skammtímaskulda.....	189.012.463	-414.040.889
Handbært fé frá rekstri	32.444.391	215.786.136
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarahreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.....	0	0
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	-7.642.180	-129.810.357
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarahreyfingar samtals	-7.642.180	-129.810.357
Breyting á handbæru fé	24.802.211	85.975.779
Handbært fé í ársbyrjun	437.043.580	351.067.801
Handbært fé, hreyfingar	24.802.211	85.975.779
Handbært fé í árslok	461.845.791	437.043.580